

87. fundur skráningarráðs haldinn 10. desember 2014 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 14-15.45

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, Rósa Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari).

Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gagnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna, Magnhildur Magnúsdóttir og Ragna Steinarsdóttir.

1. **Fundargerð síðasta fundar** var yfirfarin og samþykkt.

2. RDA innleiðing, staðan hjá Landskerfi bókasafna

Sigrún sagði frá fyrirhugaðri indexeringu og fleiru sem tengist undirbúningi vegna RDA.

Nýr þjónustupakki er væntanlegur í lok desember og verður hann settur upp í janúar. Eftir að hann kemur verður hægt að setja fleiri tengla í færslur, t.d. upplýsingar um höfunda.

Gæðahópur mun skoða hverju þarf að bæta í indexa og verður kerfið indexerað í febrúar.

Nafnmyndaskráin hefur ekki verið skoðuð í þessu tilliti.

Ragna benti á að skoða þyrfti VIAF (Virtual International Authority File) og ISNI (International Standard Name Identifier).

Á næstunni á að reyna að ráða bót á hægagangi í kerfinu með því að eyða útlánasögu frá því fyrir 1. janúar 2012.

3. RDA innleiðing, næstu skref

Hildur lagði fram styttri gerð af innleiðingaráætluninni á ensku til undirbúnings heimsókna/sérfræðiaðstoðar erlendis.

Þýðingarhópur hefur haldið þrjá fundi og skipt með sér verkum varðandi þýðingar á nýju 3XX sviðunum. Ekki er hægt að nota fellinglugga til að velja úr en hægt að búa til flettilista sem hægt er að sækja í með F4. Í 3XX sviðunum eru mjög mörg heiti, sum illskiljanleg. Það er spurning hvort þörf er á að þýða þau öll. Byrjað verður á að þýða það sem líklegast er að verði notað.

Búið er að senda umsókn til þýðingar til RDA toolkit, bæði um hvort megi þýða og hvort hægt sé að fá frá þeim textaskjal til að vinna með.

4. Verkefnisstjóri

Útbúa þarf verklýsingu fyrir verkefnisstjóra, þar þarf að koma fram:

- Heldur utan um alla þræði verkefnisins
- Undirbýr styrkumsóknir
- Undirbýr kennsluefni
- Sér um námskeiðahald
- Kallar saman teymi og boðar fundi
- Tengiliður milli hópa
- Heldur utan um fundargerðir og gögn
- Hefur umsjón með vefsvæði um RDA innleiðingu
- Ritari hópa
- Hefur yfirsýn yfir kostnaðarliði
- Mannar verkefni
- Sér um fréttáflutning

Rætt um að stofna hóp þeirra sem skrá tónlist og nótur til að skoða RDA færslur í erlendum söfnum.

Umræða um hvort eigi að stofna facebook síðu um RDA, hugsanlega heppilegt að námskeiði loknu til skoðanaskipta.

Hildur sagði frá Málræktarsjóði, þar eru fjórar milljónir til úthlutunar, umsóknarfrestur er til 16. janúar 2015. Vænlegt að sækja um.

Innleiðingarteymið hittist 13. janúar og þar verður styrkumsókn til umfjöllunar.

5. ISMN

Áslaug benti á að búið væri að úthluta ISMN númerum, International standard music numbers. Nokkuð er um að þau séu skráð í rangt svið, þ.e. 020 en ekki 024. Sendir ábendingu á Vöndu.

6. Önnur mál

Sigrún sýndi dæmi um tölfræði úr bókfræðigrunni Gegnis sem m.a. sýnir hvaða gögn lánast mest út í aðildarsöfnunum.

Næsti fundur er boðaður 14. janúar kl. 14-16